

# Álagning gjalda í Hvalfjarðarsveit 2021

- Álagning útsvars á tekjur ársins 2021 er 13,69%
- Fasteignaskattur er eftirfarandi á árinu 2021:

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 segir, að allar fasteignir sem metnar eru af Fasteignaskrá Íslands skuli árlega leggja á skatt til sveitarfélagsins þar sem fasteignin er.

Fasteignaskattur A-flokkur 0,40%  
Fasteignaskattur B-flokkur 1,32%  
Fasteignaskattur C-flokkur 1,65%

- **Lóðarleiga** í þéttbýli 1,00 % af fasteignamati og er innheimt með fasteignagjöldum.
- **Sorphirðugjald**  
Sorphirðugjald vegna íbúðarhúsnæðis kr. 39.223.  
Sorphirðugjald vegna sumarhúss kr. 16.447.  
Sorpurðunargjald vegna íbúðar og sumarhúsa kr. 3.935.  
Gjöldin eru innheimt með fasteignagjöldum.
- **Rotþróargjald**  
Rotþróargjald er kr. 13.116,- og er árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa á hvert íbúðarhús og sumarhús. Rotþrærnar sjálfar eru tæmdar þriðja hvert ár. Þriðjungur kostnaðarins er innheimtur á hverju ári. Gjöldin eru innheimt með fasteignagjöldum.

Gjalddagar fasteignagjalda á árinu 2021 verða 8 talsins á mánaðarfresti 15. hvers mánaðar. Í febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst og september. Fyrsti gjalddagi er 15. febrúar. Ef álagning er 25.000 kr. eða lægri er einn gjalddagi 15. maí.

## Elli- og örorkulífeyrisþegar:

Afsláttur á fasteignaskatti til örorku- og ellilífeyrisþega er tekjutengdur.

Ekki þarf að sækja um lækkun, gerður er vélrænn samanburður tekna samkvæmt fyrirbyggjandi skattframtali. Örorkulífeyrisþegar þurfa að leggja fram örorkuskírteini.

Afsláttur vegna einstaklinga		
Tekjumörk		Afsláttur
-	3.987.295	100%
3.987.296	4.363.485	80%
4.363.486	4.754.701	50%
4.754.702	5.672.369	25%

Afsláttur vegna hjóna/sambúðaraðila		
Tekjumörk		Afsláttur
-	6.319.567	100%
6.319.568	7.222.209	80%
7.222.210	7.675.140	50%
7.675.141	7.975.126	25%

Álagning fasteignagjalda er birt rafrænt á [www.island.is](http://www.island.is) en jafnframt er hægt að óska eftir útprentuðum álagningarseðli á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar.

**Álagning fasteignaskatts er kæránleg til yfirfasteignamatsnefndar og skal kæra borin fram innan þriggja mánaða frá álagningu.**

**Álagning á sorphirðu- og sorpurðunargjaldi er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur einn mánuður frá álagningu.**

Linda Björk Pálsdóttir  
Sveitarstjóri